



Nefndasviðs Alþingis  
Þingskjal 608 — 411. mál.

Ísafirði 23.03.2015

**Ályktun vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.**

Formannafundur aðildarfélaganna Héraðssambands Vestfirðinga - HSV sem haldinn var þann 18. mars 2015 á Ísafirði, fagnar frumvarpi Willums Þórs Þórssonar og fjögurra annara þingmanna um breytingar á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Fundurinn hvetur þingheim til að taka málið á dagskrá og samþykkja þær hugmyndir sem koma fram í frumvarpinu.

Formenn aðildarfélaganna HSV gera athugasemd við 2. grein frumvarpsins þar sem fjallað eru um bráðabirgðaákvæði á endurgreiðslu virðisaukaskatts sem greiddur hefur verið af vinnu manna, eftirliti og efniskaupum við nýbyggingar, endurbyggingar og vegna viðhalds. Tímaramminn 1.1 2015 til 1.1 2016 er of stuttur. Framkvæmdir sem þessar eru gjarnan í samstarfi við sveitarfélög og þurfa tíma til að fara í gegnum skipulagskerfi stjórnsýslunnar þar auk þess sem vinna utanhúss fer fram stuttan hluta ársins og dreifist því á fleiri ár. Lagt er til að tímabilið verði lengt upp í þrjú ár.

Þessar breytingar munu skipta miklu máli fyrir íþróttahreyfinguna. Mikilvægt að virða forvarngildi, heilsueflingu og almenna lýðheilsu í íþróttastarfi. Þátttaka foreldra og annara sjálfboðaliða er sífellt að aukast. Verði frumvarpið að lögum mun það stórefla allt sjálfboðaliðastarf innan íþróttahreyfingarinnar hér á landi og auðvelda íþróttafélögum alla uppbyggingu íþróttamannvirkja. Með þessum breytingum er íþróttahreyfingunni gert mögulegt að gegna hlutverki sínu áfram og með öflugri hætti en áður.

Fyrir hönd formannafundar  
Guðný Stefanía Stefánsdóttir  
Formaður HSV